

Húsið er hið reisulegasta eins og sjá má og inni fyrir er öll aðstaða starfsmanna til fyrirmyndar.

Vita- og hafnarmálastofnunin:

Byggir yfir starfsmenn

Þann 28. júlí eignaðist elsta ríkisstofnunin, Vita- og Hafnarmálastofnunin, nýja aðstöðu fyrir starfsmenn við Kársnesbraut í Kópavogi. Í húsinu eru búningsklefar,sturtur, matsalur, fullbúið eldhús, fundarsalur og skrifstofur.

Eins og suma rekur e.t.v. minni til urðu nokkrar umræður í fyrra í blöðum um smánarlega aðstöðu sem starfsmönnum verkstæðis stofnunarinnar væri búin: þar sem þeir skiptu um föt var m.a. megn rottugangur og önnur óþrif. A þessu hefur nú verið gerð bragarbót svo um munar; öll aðstaða starfsmanna er eins og best verður á kosið og eru þeir að vonum ánægðir.

Þjóðviljamenn röltu í gær um húsið með forstöðumanninum, Einari Stefánssyni og kom fram hjá honum að húsið hefði verið þrjú ár í byggingu, þetta hefðu verið tveir áfangar og hefði Oddur Ólafsson byggingameistari annast þá báða. Húsið er á tveimur hæðum og hannaði Tækniþjónustan h.f. þaðarkitektar voru Snorri Hauksson og Sigurður Oddsson.

Sem fyrr segir er öll aðstaða starfsmanna til fyrirmyndar; búningsklefar eru loftræstir með sérstökum útbúnaði og rúmgóðir, eldhúsið nýtískulegt og matsalurinn vistlegur. Og þar með hefur þessi gamla og gegna stofnun uppfyllt flestar reglur í nýlegum lögum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.

– gat

Ásgerður hlaut starfslaun

Ásgerður Búadóttir.

Stjórn Kjvarvalsstaða samþykkti nýverið að veita Ásgerði Búadóttur vefara starfslaun Reykjavíkurborgar til eins árs, frá 1. október n.k. að telja.

26 umsóknir bárust frá listamönnum úr mörgum listgreinum.

Í sýningarskrá að sýningu sem Ásgerður hélt á sínum tíma í Listasafni Alþýðu segir Hörður Ágústsson m.a. um listamanninn:

„Líkt og margir jafnaldrar hennar í íslenskri myndlist hóf Ásgerður sköpunarferil sinn með stílfærðum, hlutbundnum myndum, þar sem réðu heilir fletir og mjúklátir litir með ívafi af ljóðrænu. Með tímanum uxu þó myndir hennar frá hinum ytri veruleika að undirstöðu myndheimsins, fletinum sjálfum. Meira að segja liturinn hvarf. Sjálfsagt hefur þetta af hennar hálfu verið ítrasta könnun á vefjarlistinni sjálfri. Þaðan lá leið hennar til hýrnandi lita og efniskenndar, uns hún nær fullþroska áfanga er markað hefur henni sess í íslenskri listasögu.

Enda þótt óhlutbundin séu við fyrstu sýn streymir frá verkum Ásgerðar Ester Búadóttur rík og djúp skynjun á landinu, lífi þess og ásýnd. Áhrifin eru því sterkari sem stíll hennar er agaðri. Hún hyllist aldrei til að láta efni eða tækni glepja fyrir sér, þau hjú eru svo undirorpin vilja hennar, að áhorfandinn gleymir þeim vegna þess innri boðskapar er verk hennar flytja. Slíkt er kennimark mikils listamanns."

– gat

94 verkalýðsfélög segja upp

76 verkalýðsfélög innan ASÍ hafa sagt upp samningum sínum, og verða þeir lausir 1. september nk., og renna út mánuði síðar, 1. okt. Að auki hafa 18 félög utan ASÍ sagt upp samningum sínum. Félög innan Sambands byggingarmanna sömdu til 1985 og hafa því ekki sagt upp samningum, og svipað er ástatt hjá nokkrum öðrum t.d. hjá Sókn sem samdi síðast til 1. október nk.

Þessi ASÍ-félög hafa sagt upp samningum skv. upplýsingum frá Vinnuveitendasambandinu:

Félag framleiðslumanna, Félag ísl. hljómlistarmanna, Félag ísl. kjötiðnaðarmanna, Félag matreiðslumanna, Félag starfsfólks í veitingahúsum, Flugfreyjufélag Íslands, Mjólkurfræðingafélag Íslands, Verkalýðsfélagið Ársæll Hofsósi, Bifreiðastjórafélagið Ökuþór Selfossi, Iðja - félag verksmiðjufólks Reykjavík, Iðja - félag verksmiðjufólks Akureyri, Verslunarmannafélag Reykjavíkur, Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar, Verslunarmannafélag Suðurnesja, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágr., Verslunarmannafélag Húsavíkur og nágr., Verslunarmannafélag Austurlands, Verslunarmannafélag Árnessýslu, Félag bifreiðasmiða, Félag bifvélavirkja, Félag járniðnaðarmanna Reykjavík, Sveinafélag skipasmiða Reykjavík, Nót - sveinafélag netagerðarmanna, Iðnsveinafélag Suðurnesja - málmiðnaðardeild, Sveinafélag málmiðnaðarmanna Akranesi, Iðnsveinafélag Mýrasýslu - málmiðnaðardeild, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, Félag málmiðnaðarmanna Akureyri, Málm- og skipasmíðafélag Neskaupstaðar, Iðnsveinafélag Fljótsdalshéraðs - málmiðnaðardeild, Sveinafélag járniðnaðarmanna Vestmannaeyjum, Sveinafélag málmiðnaðarmanna Hvolsvelli, Járniðnaðarmannafélag Árnessýslu, Félag ísl. línumanna, Félag ísl. rafvirkja, Félag ísl. skrifvélavirkja, Sveinafélag rafeindavirkja, Rafiðnaðarmannafélag Suðurnesja, Rafvirkjafélag Akureyrar, Félag rafiðnaðarmanna Vestmannaeyjum, Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi, Sjómannafélag Reykjavíkur, Þernufélag Íslands, Verkakvennafélagið Framsókn Reykjavík, Verkamannafélagið Dagsbrún Reykjavík, Verkamannafélagið Hlíf Hafnarfirði, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágr., Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélagið Hörður Hvalfirði, Verkalýðsfélag Borgarness, Verkalýðsfélagið Afturelding Hellissandi, Verkalýðsfélagið Jökull Ólafsvík, Verkalýðsfélagið Stjarnan Grundarfirði, Verkalýðsfélag Stykkishólms, Verkalýðsfélag Austur-Húnavatnssýslu, Verkalýðs- og sjómannafélag Skagastrandar, Verkamannafélagið Fram Sauðárkróki, Verkakvennafélagið Aldan Sauðárkróki, Verkalýðsfélagið Vaka Siglufirði, Verkalýðsfélagið Eining Akureyri og nágr., Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verkalýðsfélag Fljótsdalshéraðs, Verkamannafélagið Fram Seyðisfirði, Verkalýðsfélag Norðfjarðar, Verkamannafélagið Árvakur Eskifirði, Verkalýðs- og sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar, Verkalýðsfélag Reyðarfjarðarhrepps, Verkalýðs- og sjómannafélag Stöðvarfjarðar, Verkalýðsfélag Breiðdælinga, Verkalýðsfélagið Jökull Höfn, Verkakvennafélagið Snót Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélag Vestmannaeyja, Bílstjórafélag Rangæinga, Verkalýðsfélagið Þór Selfossi, Verkalýðsfélagið Boðinn Þorlákshöfn.

– m.

Námsmenn á fundum

Námsmenn eru nú flestir í sumarvinnu og liggur allt meiriháttar félagsstarf yfirleitt niðri á þessum tíma árs meðal námsmanna. Námsmannasamtökin eru þó í óða önn að móta viðbrögð sín við kjaraskerðingartíðindunum; í gær boðaði SÍNE námsmenn erlendis til fundar og á morgun kl. 6 fundar Stúdentaráð Háskóla Íslands.

– m.

Formaður Lánasjóðs námsmanna um kjaraskerðinguna:

Get ekkert sagt

„Það er rétt, menntamálaráðherra tjáði mér að fjármálaráðuneytið hefði ákveðið 135 milljóna aukafjárveitingu til Lánasjóðs námsmanna", sagði Sigurður Skagfjörð formaður sjóðstjórnar er Þjv. bar undir hann væntanlegan 45 milljón króna niðurskurð á lánum til námsmanna. „Við bíðum hinsvegar enn eftir formlegu bréfi. Ég get ekkert sagt um það hvernig þessum peningum verður varið á þessu stigi."

Einsog kunnugt er vantaði 182 milljón krónur til að Lánasjóður næði endum saman til áramóta, og eftir fréttir um 135 milljóna aukafjárveitingu vantar enn 45 milljónir. Fáist ekkert meira fé í sjóðinn fyrir áramót þýðir þetta um 22% skerðingu á kjörum meðalnámsmanns. Ragnhildur menntamálaráðherra Helgadóttir var á fundum í gær og náðist ekki til hennar.

Sigurður Skagfjörð sagði að starfsmenn sjóðsins væru nú að endurskoða áætlun sjóðsins, fara yfir umsóknir um lán næsta vetur til að sjá hvort áætlanir um tekjur námsmanna og fjölda þeirra standist. „Stjórn sjóðsins hefur verið falið að finna leiðir í nánu samráði við menntamálaráðuneytið. Ég get ekkert sagt um það nú hvað verður."

– Nú hafa námsmenn látið í ljós grunsemdir um að kjaraskerðing af því tagi sem rætt er um sé lögbrot?

„Já, það er spurning hvort þetta samræmist lögum um námslán. Við höfum falið lögfræðingi Lánasjóðsins að gefa álit á þessu. Fjárlög eru líka lög, og hér gætu verið lög gegn lögum„ sagði formaður sjóðstjórnar.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna skipa 6 fulltrúar, þrír fultrúar námsmanna og þrír fulltrúar ráðherra. Atkvæði formanns ræður úrslitum þegar atkvæði falla jafnt innan stjórnar.

Fulltrúar námsmanna í sjóðstjórn eru Emil Bóasson frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, G. Pétur Matthíasson frá Stúdentaráði Háskóla Íslands og Þorsteinn Sæberg, fulltrúi Bandalags sérskólanema. Þeir ríkisfulltrúar sem nú sitja í stjórninni eru skipaðir af mennta- og fjármálaráðherrum síðustu ríkisstjórnar. Fulltrúar menntamálaráðherra eru Sigurður Skagfjörð (formaður) og Árni Vilhjálmsson, fulltrúi fjármálaráðherra Ragnar Árnason.

– m.



Aðalsteinn Steinþórsson.

Formaður Stúdentaráðs H. Í.:

Niðurskurður kemur ekki til greina

„Niðurskurður á námslánum kemur ekki til greina, það er ekki af neinu að taka", sagði Aðalsteinn Steinþórsson formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands í samtali við Þjv. í fyrradag. „Ef þessar 135 milljónir eru það eina sem ríkisstjórnin ætlar að veita til Lánasjóðs framað áramótum, sé ég ekki annað en að ráðherrarnir verði lögbrjótar."

Aðalsteinn sagði að sér virtist ríkisstjórnin vera að reyna að koma ábyrgðinni af sér yfir á stjórn Lánasjóðsins. „Það leysir engan vanda", sagði talsmaður háskólanema. „Ef svo fer sem horfir er verið að þurrka út alla ávinninga í lánamálum síðasta áratuginn, og ég get ekki annað en tekið undir með fyrrverandi menntamálaráðherra sem segir í nýlegum Degi að það sé óráð og ranglæti að ráðast á námsaðstoðina. Það má vænta harðra viðbragða frá námsmönnum."

– m.